

Ársskýrsla 2017



Ársfundur 14. júní 2018

Efnisyfirlit

1.	Um Starfsmennt	2
	Stjórn og starfsmenn	2
2.	Starfsárið 2017 – samantekt.....	3
3.	Fjármögnun og rekstur	3
	Þjónusta Starfsmenntar.....	4
4.	Námsframboð og skráningar	6
	Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild	6
5.	Nám og námsleiðir á vegum Starfsmenntar.....	7
	Samstarf við stofnanir um nám	9
6.	Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar	11
7.	Þróunarverkefni, samstarf og gæði	12
	Kynnisferð til Skotlands	13
	Vottun náms fyrir starfsmenn í umönnun fatlaðra	14
	Fram fyrir skjöldu – þróun náms og námstækifæra fyrir opinbera starfsmenn.....	14
	You Dig IT - erlent samstarfsverkefni	14
	Worklife guidance – um ráðgjöf í atvinnulífi og stuðning við stjórnendur	14
	Gæðavottun EQM	15
	Ýmis konar samstarf og símenntun starfsmanna.....	15
Viðauki – Námsframboð og skráningar á vef Starfsmenntar 2017		16
	Nám og námsleiðir	16
	Skráningar í fræðslu stéttarfélaga og bandalaga	22

1. Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarféлага BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Hlutverk setursins er að styðja færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmennt er hugmyndabanki, umsjónaraðili og framkvæmdaaðili að verkefnum sem lúta að starfsþróun ríkisstarfsmanna, metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og hefur frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf. Hlutverk Starfsmenntar eru að:

- bjóða opinberum starfsmönnum víðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar er stofnunum og starfsmönnum ríkisins að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsmenn sem eru félagsmenn í aðildarfélögum fræðslusetursins. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, sjóði háskólamanna, annarra stéttarféлага og Fræðslusjóð til að fleiri hópar geti nýtt námskeiðin og að ráðgjöf til stofnana nái til sem flestra starfsmanna þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakóbína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu)
- Ásgeir M. Kristinsson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Einar Mar Þórðarson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Stjórn hélt átta fundi á árinu, þar af tvo með varamönnum og gestum og að auki voru haldnir tveir fundir um áherslur og mótun stefnu í starfi setursins. Sá fyrri var haldinn 12. maí og sá síðari 17. október. Ársfundur var haldinn 11. maí og var gestur fundarins Ketill Magnússon frá Festu og hélt hann erindi um samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru Guðný E. Leifsdóttir og Þorvaldur Egilsson. Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

Hulda Anna Arnljótsdóttir, framkvæmdastjóri, lét af störfum í febrúar og við starfinu tók Guðfinna Harðardóttir. Þá hóf Helga Rún Runólfssdóttir störf í janúar sem nýr mannauðsráðgjafi og í nóvember var Soffía Guðný Santacroce ráðin tímabundið í hálfstarf vegna anna við Fram fyrir skjöldu þróunarverkefni. Aðrir starfsmenn voru Björg Valsdóttir, skrifstofustjóri, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir og Sólborg Alda Pétursdóttir, verkefnastjórar og Guðrún H. Sederholm sem sinnti náms- og starfsráðgjöf í verktöku. Starfsmenn funduðu nokkuð reglubundið yfir vetrartímann og voru haldnir alls 26 starfsmannafundir árið 2017.

2. Starfsárið 2017 – samantekt

Starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar gekk vel árið 2017, framboð starfstengds náms var fjölbreytt sem fyrr og voru í heildina haldin 211 námskeið/námsleiðir. Skráningum fjölgaði milli ára úr 2.692 árið 2016 í 3.237 árið 2017 og má rekja þá aukningu að einhverju leyti til mikillar ásóknar í námskeið sem styðja við innleiðingu jafnlaunastaðals og aukinnar ásóknar atvinnubílstjóra í nám í samræmi við reglugerð um endurmenntun atvinnubílstjóra og námskrá Samgöngustofu frá 2015.

Nokkur verkefni voru unnin á sviði mannauðsráðgjafar og unnið var að ýmsum samstarfs- og þróunarverkefnum m.a. þróun náms og námstækifæra fyrir opinbera starfsmenn sem unnið er á grundvelli fylgiskjals II með kjarasamningi FJR og SFR og hlaut á vinnslustigi nafnið *Fram fyrir skjöldu*. Markmið þess eru m.a. að styrkja íslenska stjórnarsýslu, efla þekkingu opinberra starfsmanna á viðurkenndum stjórnarsýsluáttum og tryggja aðgengi að framúrskarandi náms- og starfsþróunarleiðum fyrir opinbera starfsmenn. Unnið var að þróun náms í opinberri stjórnarsýslu á fagháskólastigi í samvinnu við Háskólann á Bifröst og eins var leitað eftir samstarfi við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs um þróun raunfærnimats í útvöldum greinum háskólabrúar Keilis til að styttu námstíma að lokaprófi frá brúnni.

Námskráin *Fagnám í umönnun fatlaðra*, sem byggir á námskrám Starfsmenntar *Starfsnám stuðningsfulltrúa I* og *Starfsnám stuðningsfulltrúa II*, hlaut vottun Menntamálastofnunar í júní 2017 sem viðurkennd námskrá innan framhaldsfræðslunnar. Vottunin krefst þess að framkvæmd námsins verði endurskoðuð og hófst sú vinna í samvinnu við Framvegis í lok árs 2017.

Úttekt á gæðum starfseminnar skv. EQM gæðavottunarkerfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs fór fram á árinu og hlaut Starfsmennt gæðavottun á öllum þremur sviðum EQM kerfisins, þ.e. á sviði fræðslu og námshönnunar, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Gildistími vottunar er þrjú ár, en endurmat fer fram árlega.

Starfsmenn ásamt fulltrúum úr stjórn Starfsmenntar fóru í náms- og kynnisferð til Glasgow í janúar og kynntu sér málefni sem vörðugu fullorðinsfræðslu, fjarnám, blandaða kennslu og vendikennslu, markaðssetningu náms, símenntun og starfsþróun m.a. m.t.t. vottunar og viðurkenningar náms. Þá var Starfsmennt með í umsókn sem hlaut styrk úr Erasmusplus sjóði menntaáætlunar ESB. Verkefnið snýr að hagnýtingu smáforrita í starfi með fullorðnum námsmönnum og er góð innspýting í þróunarvinnu Starsmenntar um hagnýtingu rafrænna verkfæra í námi og kennslu.

3. Fjármögnun og rekstur

Heildartekjur drógust saman milli ára um tæpar 12 m.kr. sem skýrist m.a. af því að rekstrarafgangur fyrri ára dugði til að mæta hluta rekstrarútgjalda árið 2017 og því var ekki þörf á viðbótarframlagi úr Þróunar- og símenntunarsjóði SFR og Þróunar- og símenntunarsjóði bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu. Framlag skv. skilagreinum stofnana hækkaði milli ára og nam tæpri 81 m.kr. en var tæpar 73 m.kr. árið 2016. Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðs náms og ráðgjafar til einstaklinga nam ríflega 6 m.kr. og sértekjur vegna náms- og ráðgjafaverkefna námu ríflega 22 m.kr., sem er um 5 milljónum lægra en árið 2016. Hrein eign í árslok 2017 nam rétt rúmum 32 m.kr. Hlutfallslega skiptingu rekstartekna ársins 2017 má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Hlutfallsleg skipting rekstartekna

	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Samkvæmt skilagreinum frá stofnunum	73,9%	59,9%	44,1%	46,4%	59,4%	45,7%	50%
Þróunar- og símenntunarsjóður SFR	0,0%	16,5%	33,7%	30,2%	18,2%	23,7%	22%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannfélaga hjá ríkinu	0,0%	0,8%	1,5%	1,8%	1,6%	1,4%	2%
Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir	20,4%	22,8%	12%	13,4%	13,4%	16,2%	15%
Fræðslusjóður /Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	5,7%	0,0%	8,7%	8,2%	7,4%	13,0%	11%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heildarútgjöld Starfsmenntar voru um 16 m.kr. hærri árið 2017 en árið á undan og er helsta skýringin sú að launakostnaður jókst þar sem stöðugildum á ársgrundvelli fjölgaði milli ára úr 4 árið 2016 í 5,48 árið 2017 og laun hækkuðu í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Aukinn fjöldi starfsmanna hafði í för með sér að verkefni m.a. á sviði mannauðsráðgjafar og fræðslugreininga voru í meira mæli unnin hjá Starfsmennt í stað aðkeyptrar verktöku, sem fellur undir liðinn *Nám og þjónusta*. Hlutfallsleg skipting útgjalda árið 2017 er því nokkuð breytt frá fyrri árum þar sem launakostnaður vegur nú þyngra en verið hefur hin fyrri ár eða um helming rekstargjalda, sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda

	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Launakostnaður	49%	36%	38%	37,7%	34,6%	28,8%	27%
Annar rekstrarkostnaður	18%	20%	17%	18,8%	20,1%	17%	17%
Nám og þjónusta	33%	44%	45%	43,5%	45,3%	54,2%	56%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Þjónusta Starfsmenntar

Þjónusta Starfsmenntar snýr annars vegar að því að greiða leið opinberra starfsmanna og starfsmannahópa að ýmis konar fræðslu. Bæði er um að ræða almenn námskeið, sem miða að því að efla alhliða starfshæfni, sem og lengri sérhæfðari námsleiðir, sem byggja á námslýsingum og viðurkenndum námskrám. Þá aðstoðar setrið einnig félagsmenn aðildarfélaga við að sækja starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist starfsvettvangi þeirra.


Hins vegar snýr þjónusta Starfsmenntar að ráðgjöf til stofnana og stjórnenda um ýmis mannauðstengd málafni svo sem ábendingar og tillögur að áherslum í fræðslu innan stofnana og stuðningur við framkvæmd fræðslu þar sem Starfsmennt býr að víðtæku samstarfsneti sérfræðinga og fræðsluaðila. Fræðsla hjá opinberum stofnunum getur bæði verið almenn og miðað að því að efla starfsanda, styrkja mannauðsstjórnun og auka vitund um mikilvægi símenntunar og starfsþróunar sem og sérhæfð þar

sem sérfræðingar í tilteknum mállefnum eru fengnir til að halda námskeið til að auka þekkingu og efla hæfni starfsmanna.

Verkefnin eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð KSG, bæjarstarfsmannafélög Kópavogs, Garðabæjar og Suðurnesja. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði SGS félaga (Ríkismennt), með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að samnýta nám og ráðgjöf.

Hlutfallsleg skipting útgjalda vegna þjónustu Starfsmenntar er sem áður þannig að útgjöld vegna starfstengdra námsleiða stofnana og starfsgreina vega þýngst en útgjöld vegna mannauðsráðgjafar og þróunarverkefna eru hlutfallslega minnst. Árið 2017 jókst enn frekar hlutur starfstengdra námsleiða í útgjöldum og nam kostnaður vegna þeirra 77% af heildarútgjöldum vegna þjónustuliða á móti 55% árið 2016.

Hlutfall almennra námskeiða minnkar nokkuð milli ára og fer úr 27% árið 2016 í 13% árið 2017. Hlutfall fjarkennds tölvunáms er einnig aðeins minna árið 2017 eða 7% á meðan hlutfall þess var 10% árið á undan. Árið 2017 voru um 3% útgjalda vegna þjónustuliða til verkefna á sviði mannauðsráðgjafar og þróunarverkefna á móti 8% árið 2016. Hér ber þó að hafa í huga að með auknum starfsmannafjölda og ráðningu mannauðsráðgjafa árið 2017 færðust verkefni á þessu sviði meira inn á borð Starfsmenntar í stað þess að vera unnin í aðkeyptri verktöku. Þar af leiðandi flyst kostnaður vegna þessa liðar að stórum hluta inn í almennan launakostnað fræðslusetursins.



4. Námsframboð og skráningar

Starfsmennt býður upp á margs konar nám og er hluti þess opinn öllum eins og námskeið um innleiðingu jafnlaunastaðals en annað er sett upp í samvinnu við tiltekna stofnanir eða er einungis ætlað ákveðnum starfshópum. Þá greiðir Starfsmennt einnig kostnað vegna starfstengds náms félagsmanna sinna aðildarfélaga hjá tilteknum fræðsluaðilum. Árið 2017 voru námstilboð á vegum Starfsmenntar alls 240 eða um 19% fleiri en árið á undan þegar þau voru 202. Skráningum¹ í nám og námsleiðir á vegum Starfsmenntar fjölgaði að sama skapi um fimmtung milli ára, úr 2.692 árið 2016 í 3.237 árið 2017 (sjá töflu 3).

Tafla 3. Nám og námsleiðir á vegum Starfsmenntar, framboð og skráningar 2013-2017

	Framboð		Skráning	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Árið 2017	240	19%	3.237	20%
Árið 2016	202	36%	2.692	34%
Árið 2015	149	-7%	2.011	-11%
Árið 2014	161	-14%	2.271	-10%
Árið 2013	188	–	2.518	–

Eins og oft vill verða náðist ekki full þátttaka á öll námskeið og námsleiðir á vegum Starfsmenntar. Því þurfti að fella 29 þeirra niður árið 2017 og afboða 65 einstaklinga sem höfðu skráð sig. Heildarfjöldi þátttakenda í námi varð því 3.172 og heildarfjöldi haldinna námskeiða/námsleiða var 211 (sjá töflu 4 og nánar í kaflanum *Nám og námsleiðir á vegum Starfsmenntar*).

Tafla 4. Námsframboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2017

	Námsframboð	Fjöldi þátttakenda
Haldin námskeið	211	3.172
Námskeið felld niður	29	65

Með tilkomu nýs skráningarvefs tók Starfsmennt að sér að halda utan um skráningar þátttakenda á námskeið fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn stéttarfélaga innan vébanda BSRB og ASÍ og á *Gott að vita* námskeið og fyrirlestra á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Árið 2017 var í heildina boðið upp á 19 námskeið innan forystufræðslu BSRB og ASÍ og skráðu 264 einstaklingar sig á þau. Fjöldi *Gott að vita* námskeiða og fyrirlestra náði 80 og voru skráningar á þau alls 908 (sjá nánar um skráningar og þátttöku á námskeiðum á vegum stéttarfélaga og bandalaga í viðauka).

Heildarfjöldi skráninga í nám og á námskeið náði því 4.409 árið 2017 sem er um 15% aukning frá fyrra ári þegar heildarfjöldi skráninga var 3.835.

Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagasæild

Nám á vegum Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Af heildarfjölda skráninga árið 2017 voru um 35% úr röðum félagsmanna SFR, sem er samdráttur frá fyrra ári hlutfallslega séð þrátt fyrir að skráningar hafi verið fleiri árið 2017

¹ Gerður er greinarmunur á *skráningum* og *þátttöku* að því leyti að skráningar ná yfir allt námsframboð hvort sem námskeið voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir það nám (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra) sem haldin voru. Þessi greinarmunur er einungis gerður í tölum yfir starfsemina árið 2017.

en árið á undan. Aukning var í skráningum félagsmanna FFR milli ára og má rekja þá fjölgun til aukinnar ásóknar í námskeið fyrir atvinnubílstjóra, sem skv. ákvæðum reglugerðar er skylt að sækja tiltekna endurmenntun til að halda réttindum sínum. Þá fjölgaði einnig skráningum þeirra sem falla í flokkinn *Aðrir* og má rekja það til aukinnar ásóknar í námskeið um innleiðingu jafnlaunastaðals þar sem fyrirtæki og stofnanir sækja sér þekkingu til að nýta við undirbúning jafnlaunavottunar, sjá nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélögum í töflu 5.

Tafla 5. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga e. stéttarfélögum árin 2016 og 2017²

	Árið 2017		Árið 2016	
	Skráningar alls	Hlutfall af heildar-skráningu	Skráningar alls	Hlutfall af heildar-skráningu
SFR	1.559	35%	1.534	40%
FFR	265	6%	51	1%
FSS	14	0%	24	1%
Kjölnur	44	1%	97	3%
KSG ³	441	10%	333	9%
Samflot	475	11%	337	9%
St.Rv.	411	9%	477	12%
BSRB	49	1%	69	2%
ASÍ	320	7%	263	7%
BHM	342	8%	317	8%
Aðrir	489	11%	333	9%
Alls	4.409	100%	3.835	100%

5. Nám og námsleiðir á vegum Starfsmenntar

Framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar var fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum mállefnum (sjá nánari upptalningu í viðauka). Alls voru haldin 211 námskeið/námsleiðir og voru þátttakendur á þeim 3.172. Fella þurfti niður 29 námskeið/námstilboð þar sem þátttaka var ekki næg. Námskeið sem felld voru niður voru: 4 námskeið í erlendum tungumálum, 7 farandfyrirlestrar, 2 námskeið um fjármál og rekstur, 4 námskeið innan Fríhafnarskólans, 2 námskeið innan Rekspalar, 3 námskeið í þjónustustjórnun, 3 námskeið á sviði sjálfsstyrkingar, 1 námskeið í upplýsingatækni, 1 námskeið í upplýsinga- og skjalastjórnun og eins tókst ekki að ná lágmarkspátttakendafjölda á tvær námsleiðir *Starfsnáms stuðningsfulltrúa* árið 2017.

Árið 2017 voru haldnir 59 farandfyrirlestrar á vegum Starfsmenntar og sóttu þá ríflega 1.300 starfsmenn. Námskeið á sviði upplýsingatækni og þjónustustjórnunar voru nokkuð vinsæl, en þau námskeið eru einungis kennd í fjarkennslu um vef og stýra þátttakendur hraða námsins sjálfir. Í heildina voru 27 námskeið í tölvum og upplýsingatækni haldin með 229 þátttakendum og 16 námskeið í

² Í heildarfjölda skráninga eru teknar með skráningar í forystufræðslu og á *Gott að vita* námskeiðin til að ná réttum samanburði við tölur frá árinu 2016.

³ KSG stendur fyrir Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Garðabæjar og Starfsmannafélag Suðurnesja.

Þjónustustjórnun með 193 þátttakendum. Námskeið fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja, sem haldin eru í samræmi við námskrá, voru 22 í heildina með 272 þátttakendum.

Lög um jafnlaunavottun voru innleidd árið 2017 og jókst ásókn í námskeið um innleiðingu staðalsins þannig að þeim fjölgaði úr 12 í 20 milli árána 2016 og 2017. Þátttakendum fjölgaði að sama skapi og voru þeir 330 árið 2017 en 161 árið á undan. Þá tók endurmenntun atvinnubílstjóra stóran kipp milli ára frá því að vera aðeins eitt námskeið með 7 þátttakendum árið 2016 í alls 11 námskeið með 216 þátttakendum árið 2017. Frekari tölur yfir fjölda námskeiða árið 2017 og þátttakenda á þeim eftir innihaldi námsframboða má finna í töflu 6.

Tafla 6. Innihald haldinna námskeiða og fjöldi þátttakenda árið 2017

	Námskeið haldin	Fjöldi þátttakenda
Almennur bókari	1	25
Endurmenntun atvinnubílstjóra	11	216
Farandfyrirlestur	59	1.317
Félagsliði	9	62
Fríhafnarskólinn	6	162
Heilbrigðisritari	3	5
Íslenska	2	7
Jafnlaunastaðall	20	330
Járnsíða	1	25
Launaskólinn	2	31
Læknaritari	5	8
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	1	12
Sjálfsstyrking	4	43
Skjala- og gæðastjórnun	6	82
Sóttþreinsitæknir	1	9
Starfsnám stuðningsfulltrúa I	1	25
Stjórnun	2	29
Tölvur og upplýsingatækni	27	229
Vaktavinna- og lýðheilsa	3	29
Verkefnastjórnun	4	43
Viðurkenndur bókari	5	18
Þjónustustjórnun	16	193
Þróttur	22	272
Alls	211	3.172

Konur voru í miklum meirihluta þátttakenda í námi á vegum Starfsmenntar árið 2017 og gildir það um allt nám nema Þrótt, nám fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja, þar sem kynjahlutföllin voru næstum jöfn og um námskeið fyrir atvinnubílstjóra þar sem karlar voru í miklum meirihluta.

Rétt tæplega helmingur þátttakenda í námi á vegum Starfsmenntar árið 2017 var á aldrinum 40 til 59 ára, um 15% þátttakenda voru 60 ára eða eldri og 37% yngri en fertug, nánari skiptingu eftir kyni og aldri má sjá í töflu 7.

Tafla 7. Þátttaka eftir kyni⁴ og aldri árið 2017

	Eftir kyni			Eftir aldri				
	Kona	Karl	Ekki vitað	Yngri en 30 ára	30-39 ára	40-49 ára	50-59 ára	60 ára og eldri
Almennur bókarari	24	1		1	4	10	9	1
Endurmenntun atvinnubílstjóra	2	211	3	20	54	50	57	35
Farandfyrirlestur	983	309	25	368	263	238	287	161
Félagsliði	52	9	1	14	15	9	19	5
Fríhafnarskólinn	124	36	2	87	25	11	24	15
Heilbrigðisritari	4		1			3	2	
Íslenska	4	1	2			4	2	1
Jafnlaunastaðall	282	47	1	11	68	118	117	16
Járnsíða	23	2			4	6	7	8
Launaskólinn	30	1		2	7	5	12	5
Læknaritari	8					2	5	1
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	8	4			2	3	7	
Sjálfsstyrking	37	6		7	3	6	14	13
Skjala- og gæðastjórnun	72	10		4	17	28	30	3
Sóttthreinsitæknir	9				2	4	3	
Starfsnám stuðningsfulltrúa I	19	5	1	5	5	7	5	3
Stjórnun	21	8		5	5	8	8	3
Tölvur og upplýsingatækni	170	54	5	8	26	57	79	59
Vaktavinna- og lýðheilsa	24	4	1		3	9	13	4
Verkefnastjórnun	28	15			14	20	9	
Viðurkenndur bókarari	16	2		1	7	4	6	
Þjónustustjórnun	160	30	3	19	43	38	58	35
Þróttur	134	122	16	24	25	50	73	100
Þátttakendur alls	2.234	877	61	576	592	690	846	468
Hlutfallsleg skipting þátttakenda	70%	28%	2%	18%	19%	22%	27%	15%

Samstarf við stofnanir um nám

Starfsmennt vinnur með stofnunum ríkis og sveitarfélaga við þróun og uppsetningu náms fyrir starfsmenn þeirra og er oft um að ræða eftirfylgni ráðgjafaverkefna þar sem Starfsmennt hefur komið að greiningu fræðsluþarfa fyrir stofnanir. Slík námskeið eru félagsmönnum aðildarfélaga og

⁴ Kyn er ekki skráð sérstaklega í gagnagrunn Starfsmenntar svo hér er tekið mið af nöfnum þátttakenda.

samstarfsaðila fræðslusetursins að kostnaðarlausu en greitt er fyrir þá starfsmenn sem ekki falla þar undir.

Árið 2017 voru skipulögð námskeið fyrir Biskupsstofu, Fríhöfnina, Isavia, Menntamálastofnun, Samgöngustofu, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun og sýslumannsembættin en einnig fyrir sveitarfélög eins og Kópavog, Hafnarfjörð, Reykhólahrepp og Vesturbyggð. Þá fengu Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Skálatún og Seljudalur – þjónustuíbúðir aðstoð Starfsmenntar við að setja upp námskeið fyrir starfsmenn í umönnun fatlaðra. Í heildina voru skipulögð 117 námskeið fyrir stofnanir og sveitarfélög, 15 þeirra þurfti að fella niður vegna ónógrar þátttöku en alls sóttu ríflega tvö þúsund starfsmenn starfstengd námskeið sem sett voru upp með þessum hætti árið 2017, sjá nánar í töflu 8.

Tafla 8. Samstarf við stofnanir um nám, fjöldi námskeiða og þátttakenda árið 2017

Stofnun	Námskeið haldin	Námskeið felld niður	Fjöldi þátttakenda
Biskupsstofa	1	1	20
Flensborg	1	1	13
Fríhafnarskólinn	6	4	162
Háskóli Íslands	0	2	0
Isavia	16	0	306
Menntamálastofnun	1	0	19
Samgöngustofa	1	0	24
Sýslumannsembættin	8	0	216
Vinnueftirlit ríkisins	4	0	63
Vinnumálastofnun	1	0	12
Hafnarfjörður	10	5	263
Kópavogur	24	0	305
Reykhólahreppur	0	1	0
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	20	2	493
Seljudalur	5	0	75
Skálatún	2	0	45
Vesturbyggð	2	0	55
Alls	102	15	2.071

Hér eru ótalin öll þau námskeið sem starfsmenn hafa sótt sem eru ekki skipulögð sérstaklega sem stofnanánám í samstarfi við vinnuveitenda heldur meira leitast við að mæta þörfum einstakra starfsmanna eða starfshópa þvert á stofnanir. Hér má nefna námskeið og námsleiðir eins og Launaskólann, um innleiðingu jafnlaunastaðals, ýmis fjarnámskeið í notkun upplýsingatækni, vefnám um þjónustustjórnun og námskeið á sviði verkefnastjórnunar og sjálfsefningar.

6. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar

Starfsmennt býður stofnunum *Ráðgjafa að láni* til að aðstoða við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðsefningu og hafa það markmið að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana. Í byrjun árs 2017 hóf nýr mannauðsráðgjafi störf hjá fræðslusetrinu og gafst því færi á að sinna þessum þjónustupætti með samræmdum hætti og nýta reynslu úr hverju verkefni fyrir sig til þróa hann enn frekar. Eftirfarandi verkefni voru unnin á sviði mannauðsráðgjafar:

Listasafn Íslands

Greining fræðsluþarfa og uppsetning námsvísis með tillögum að áherslum og leiðum í símenntun fyrir tíu starfahópa stofnunarinnar.

Vinnumálastofnun

Greining fræðsluþarfa og uppsetning námsvísis með tillögum að áherslum og leiðum í símenntun fyrir níu starfahópa stofnunarinnar. Eitt námskeið var haldið í samræmi við námsvísi árið 2017.

Sýslumannsembættin

Greining starfa og gerðar tillögur að sameiginlegu sniðmáti starfslýsinga hjá sýslumannsembættum. Unnið var með þremur sýslumannsembættum, sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem er stærsti vinnustaðurinn, embætti sýslumannsins á Suðurlandi, sem endurspeglar embættin á Austurlandi, Norðurlandi eystra og Vestfjörðum og embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra, sem endurspeglar embættin í Vestmannaeyjum og á Vesturlandi. Niðurstöður greiningarinnar nýttust þannig öðrum embættum og í samráði við framkvæmdastjóra sýslumannaráðs kynntu ráðgjafar Starfsmenntar niðurstöður og afurðir vinnunnar á sameiginlegum fundi sýslumanna þann 12. maí 2017. Öll embætti fengu afhenta minnislykla með afurðum, leiðbeiningum og sniðmátum að starfslýsingum.

Fangelsismálastofnun

Leitað var til Starfsmenntar um að koma á rýnihópi til að endurskoða nám fangavarða, bæði grunnnám og endurmenntun, í tengslum við úrvinnslu bókunar 9 með kjarasamningi FJR og SFR. Ráðgjafar Starfsmenntar greindu störf fangavarða og settu upp námsvísi með tillögum að áherslum í grunnnámi og endurmenntun fangavarða, sem og við móttöku nýrra starfsmanna í starfið. Niðurstöður og afurðir voru kynntar á fundi með Félagi fangavarða og fulltrúum Fangelsismálastofnunar 1. desember 2017. Næsta skref er að endurskoða grunnnám fangavarða og mun Fangelsismálastofnun sjá um þann hluta. Þegar liggur fyrir hvaða áherslur verða lagðar í grunnnámi mun Starfsmennt hefjast handa við að endurskoða *Áfanga*, námskrá fyrir endurmenntun fangavarða.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu


Samtal og ráðgjöf um fræðslu vegna undirbúnings starfsmannasamtala 6.nóvember 2017.

Einstaklingar geta einnig sótt ráðgjöf til Starfsmenntar sem hefur það markmið að hvetja starfsmenn til ábyrgðar á eigin starfsþróun og að benda á leiðir til náms bæði innan formlega skólakerfisins og þess óformlega t.d. á vettvangi Starfsmenntar. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi. Þjónustan er að stærstum hluta fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Árið 2017 sóttu 23 einstaklingar þjónustu ráðgjafa hjá Starfsmennt og urðu viðtölin alls 39 þar sem sumir komu oft en einu sinni. Það voru einungis konur sem nýttu sér þjónustuna þetta árið,

meðalaldur þeirra var 44,4 ár og langflestar voru þær félagsmenn í aðildarfélögum BSRB, þ.e. SFR, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Kópavogs. Skiptingu ráðgjafaviðtala eftir stéttarfélögum og bandalögum má sjá á myndinni hér að neðan.

Skipting ráðgjafaviðtala eftir stéttarfélögum og bandalögum 2017



7. Þróunarverkefni, samstarf og gæði

Starfsmennt tekur þátt í ýmis konar þróunarverkefnum á sviði menntamála og kynnir þjónustu sína hvenær sem færi gefst. Ávallt eru haldnar kynningar með viðeigandi stofnun í lok ráðgjafaverkefna (sjá um þau í kafla 6), veffréttabréf eru gefin út reglulega með fréttum úr starfinu og eins eru samfélagsmiðlar nýttir til að vekja athygli á málum sem varða starfsemi fræðslusetursins. Aðrar skipulagðar kynningar sem fram fóru árið 2017 voru:

- 30. maí, Akureyri. Kynning á *Þrótti*, námskrá fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja á fræðslufundi Kjalar – stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu.
- 1. júní, Reykjavík. Starfsemi fræðslusetursins og sú þjónusta sem stendur SFR félögum til boða voru kynntar á starfsdegi dómstólaráðs um símenntunarmál. Á þeim fundi óskuðu fulltrúar Starfsmenntar einnig eftir hugmyndum að breytingum og uppfærslum á *Vísðómi* námskrá fyrir starfsmenn dómstóla.
- 14. júní, Reykjavík. Fundur með Félagi mannauðsstjóra ríkisins (FMR) þar sem starfsemi fræðslusetursins var kynnt, velt upp spurningum um hvaða færni opinberir starfsmenn þurfa helst á að halda og rætt um áframhaldandi samstarf Starfsmenntar og FMR.
- 3. júlí, Reykjavík. Starfsmennt hýsti samráðsfund Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) og kjara- og mannauðssýslu (KMR) þar sem rætt var um breytingar á lögum um kjararáð og starfsumhverfi forstöðumanna. Í leiðinni gafst tækifæri til að vekja athygli á starfsemi fræðslusetursins og kynna þjónustuna.
- 22. ágúst, Reykjavík. Kynning á tilurð og starfsemi Starfsmenntar fyrir fulltrúa belgísku menntamálastofnunarinnar, frönskumælandi hluta, og fulltrúa Rannís.
- 25. september, Selfoss. Kynning á vef, Mínum síðum, námsframboði og þjónustu Starfsmenntar á fundi trúnaðarmanna Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.
- 10. október, Leeuwarden, Hollandi. Almenn kynning á tilurð og starfsemi Starfsmenntar á fyrsta fundi í erlenda samstarfsverkefninu *You Dig IT*.
- 23. október, Reykjavík. Umfjöllun og kynning á aðferðafræði raunfærnimats og raunfærnimatsverkefnum sem geta nýst opinberum starfsmönnum á fundi menntanefndar BSRB.

- 9. nóvember, Reykjavík. Almenn kynning á starfsemi og þjónustu fræðslusetursins og möguleikum félagsmanna aðildarfélagar Starfsmenntar til símenntunar fyrir starfsmenn íbúðalánasjóðs.

Kynnisferð til Skotlands

